

S A M Þ Y K K T I R
fyrir Tónskáldasjóð Bylgjunnar og Stöðvar 2

1. grein

Nafn sjóðsins er Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar 2. Aðild að honum eiga Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) og Sýn hf. (Sýn).

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

2. grein

Markmið sjóðsins er að styrkja tónskáld og textahöfunda til nýsköpunar á sviði tónlistar, sbr. þó 2. mgr. 6. gr.

3. grein

Tekjur sjóðsins eru fjárframlög frá Sýn samkvæmt samningi félagsins og STEFs um heimild til að flytja í útvarpi tónverk sem verndar njóta samkvæmt höfundalögum, svo og gjafir og önnur fjárframlög frá öðrum aðilum. Að auki ávöxtun af höfuðstól sjóðsins, sbr. 1. mgr. 6. gr.

4. grein

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, þar af tveir tilnefndir af STEFi og einn af Sýn til þriggja ára í senn. Skal fulltrúi Sýnar í stjórninni vera formaður hennar.

5. grein

Stjórnarfundir skal halda samkvæmt ákvörðun formanns stjórnar eða ef einhver stjórnarmaður fer fram á það. Skal formaður boða til stjórnarfunda með hæfilegum fyrirvara. Stjórnin er ákvörðunarbær ef allir stjórnarmenn eru mættir til fundar og ræður afl atkvæða úrslitum í stjórninni. Fundargerð skal halda um það sem fram fer á stjórnarfundum.


6. grein

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum úr honum og skulu styrkir að jafnaði veittir á grundvelli umsókna, þar sem fram skal koma tilgangur styrkumsóknar og kostnaðar- og tímaáætlun vegna þess verkefnis sem um er að ræða. Miða skal við að auglýst sé opinberlega eftir styrkjum í júní á hverju ári skv nánari útfærslu stjórnar. Útdeilt skal úr sjóðnum í ágúst á ári hverju samkvæmt nánari útfærslu stjórnar.

Stjórninni er heimilt að veita aðildarfélögum STEFs, Tónskáldafélagi Íslands og Félagi tónskálda og textahöfunda, styrki til starfsemi félaganna, enda fari slíkir styrkir til hvors félags ekki fram úr 5% af árlegum tekjum sjóðsins, sbr. 3. mgr.

7. grein

Óheimilt er að úthluta meira úr sjóðnum á ári hverju en nemur 90% af árlegum heildartekjum hans, þar með töldum tekjum vegna ávöxtunar höfuðstóls.



8. grein

Skrifstofa STEFs tekur á móti umsóknum og sér um fjárhald sjóðsins, þar á meðal að greiða styrki úr honum samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar. Ávaxta skal höfuðstól sjóðsins á þann hátt, sem gefur á hverjum tíma hæstu ávöxtun, þó þannig að áhættu sé dreift hæfilega.

Ársreikningur sjóðsins skal skoðaður af löggiltum endurskoðanda STEFs með ársreikningi samtakanna.


9. grein

Sjóðurinn skal því aðeins lagður niður að stjórnir STEFs og Sýnar samþykki það. Skulu þá fjármunir sjóðsins skiptast að jöfnu milli beggja aðila.

10. grein

Samþykktir þessar öðlast gildi um leið og STEF og Sýn hefur samþykkt þær.

F.h. Sýnar hf.


Páll Ásgrímsson, lögmaður

F.h. STEFs


Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkv.stj